

Fundargerð 143. fundar Fræðslusjóðs
priðjudaginn 12. ágúst 2025 kl. 15:00 - 16:00
Fundurinn var haldin hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Hulda Birna Baldursdóttir, Maj-Britt Hjördís Briem,

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt milli funda.

2. Greiðslur fyrir setu í úthlutunarnefnd þróunarstyrkja.

Fyrirspurn frá Helgu Kristínu Kolbeins.

Afgreiðsla:

Stjórn var sammála um að ekki væri til staðar heimild, hvorki í lögum 27/2010 um framhaldsfræðslu eða skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs, sem ráðherra hefur staðfest, til að greiða nefndarmönnum fyrir setu í úthlutunarnefnd þróunarverkefna.

Í lögnum kemur fram að ráðherra skipi sjóðnum stjórn byggða á tillögum tiltekinna samtaka, félaga eða ráðuneyta sem tilgreind eru í lögnum.

Stjórnarmenn tilnefna í úthlutunarnefndina og stjórn Fræðslusjóðs staðfestir tilnefningarnar. Þau sem sitja í nefndinni sitja þar sem fulltrúar sinna samtaka, félags eða ráðuneytis. Telji nefndarmenn að vinnan sé umfram það sem þeir telji eðlilegt geta þeir sagt sig frá verkefninu. Komi til þess verði leita að nýjum fulltrúa í nefndina.

3. Svar mrn vegna erindis FA um greiðslupáttöku sjóðsins í eigin rekstri

Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) sendi sl. haust erindi til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, sem þá fór með málaflokk framhaldsfræðslu, þar sem óskað var eftir afstöðu ráðuneytisins til þess að Fræðslusjóður tæki að hluta til þátt í eigin umsýslukostnaði. Erindið var síðar kynnt stjórn Fræðslusjóðs sem ákvað að halda eftir 21,9 m.kr. af úthlutun ársins 2025 ef af yrði, en vísað er í fundargerð stjórnar Fræðslusjóðs dags. 5. nóvember 2024. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins barst svar frá mennta- og barnamálaráðuneyti dagsett 1. júlí 2025 en málaflokkurinn var færður þangað eftir síðustu Alþingiskosningar. Fulltrú FA í stjórn Fræðslusjóðs kynnti afstöðu ráðuneytisins er þar er því hafnað að færa áætlaðan umsýslukostnað FA vegna Fræðslusjóðs yfir á sjóðinn sjálfan vegna

skorts á lagaheimild. Í gildi sé þjónustusamningur á milli ráðuneytisins og FA þar sem m.a. kemur fram að FA fari með daglega umsýslu sjóðsins.

4. Viðbótarúthlutun 2025

Fræðsluaðilar hafa verið minntir á viðbótarúthlutun. Umsóknarfrestur rennur út 1. september nk.

Stefnt er á að afgreiðsla viðbótarúthlutunar verði á næsti fundi stjórnar, þ.e. 2. september nk.

5. Hugmyndir stjórnarmanna um gagnavinnsur/verkefni á haustönn 2025 (t.d. verðlisti/nemendastundir)

Tillögur:

- Kalla eftir upplýsingum um óska-fjármögnun hjá fræðsluaðilum miðað við þá þörf sem fyrir er, þróun markhópsins og þau tækifæri sem eru á starfsvæði hvers fræðsluaðila. Krafist verði góðs rökstuðnings fyrir upphæðinn sem sett er fram.
- Endurskoðun á reiknilíkaninu sem hefur verið notað við úthlutun fjár til fræðsluaðila.
- Þróun og stærð markhópsins eftir svæðum – Fá nýjar tölur frá Hagstofunni.

6. Önnur mál

Unnið var að tilraunaverkefni í raunfærnimati fyrir sjúkraliða á síðasta ári í samstarfi við FÁ og VMA. Niðurstaða tilraunaverkefnisins varð að áföngum til mats fjölgar úr 6 í 15. Nýr matslisti liggur fyrir og ný raunfærnimatsverkefni munu byggja á þessum listum.